

Gjaldskrá og reglur fyrir mötuneyti Skaftárhrepps vegna grunnskóladeildar

1. gr.

Foreldrar/ forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu mötuneytis Skaftárhrepps þurfa að skrá börn sín í mötuneytið hjá ritara skólans. Starfsmenn grunnskóladeildar skulu skrá sig í mötuneytið hjá ritara skólans. Tilkynning um úrsögn úr áskrift að mötuneyti þarf að berast til ritara fyrir 15. dag mánaðar og tekur hún þá gildi frá og með næstu mánaðarmótum. Úrsögn vegna barns þarf að berast frá foreldri eða forráðamanni.

2. gr.

Máltíðir nemenda eru gjaldfrjálsar. Fyrir hverja máltíð í áskrift að mötuneyti greiða kennarar og aðrir starfsmenn 590 kr,- Gjald fyrir staka máltíð kennara og annarra starfsmanna er 1.673 kr,-. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmann þurfa að skrá sig hjá matráði í stakar máltíðir fyrir kl. 10 að morgni. Hægt er að vera í áskrift einn til fimm daga vikunnar, en alltaf sömu vikudaga. Matarverð er endurskoðað um hver áramót og gefin út ný gjaldskrá.

3. gr.

Hver áskrift er skilyrt við viðkomandi nemanda eða starfsmann. Ekki er leyfilegt að framselja stakar máltíðir til annara nemenda eða starfsmanna ef skráður einstaklingur hyggst ekki nýta sér áskriftina ákveðin dag.

4. gr.

Skaftárhreppur sendir greiðsluseðil vegna mötuneytisgjalda mánaðarlega. Gjald fyrir mötuneyti er greitt eftir á og er gjalddagi síðasti dagur mánaðarins sem rukkað er fyrir. Gjalddagi er síðasti dagur mánaðar og eindagi 15. dagur næsta mánaðar. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög nr. um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

5. gr

Ekki eru veittir afslættir af mat og hressingu og ekki er dregið frá fæðiskostnaði vegna tilfallandi fjarveru úr skólanum sem varir skemur en viku samfelld. Ef starfsmaður er í leyfi/veikindum frá skóla í 5 virka daga samfelld getur starfsmaður óskað eftir niðurfellingu á fæðisgjöldum á meðan á leyfinu stendur. Sækja skal um niðurfellinguna hjá skrifstofu Skaftárhrepps tveimur vikum áður en friið er tekið. Umsjónarmaður í mötuneyti heldur dagbók yfir þá sem nýta mötuneytið.

6. gr.

Gjaldskrá gildir frá 1. janúar 2026